



Upplýsing Félag bókasafns- og upplýsingafræða

13. aðalfundur Upplýsingar.

Föstudaginn 27. apríl 2012, kl. 16:30, haldinn í bókasafni Menntavísindasviðs við Stakkahlíð.

Fundarstjóri: Áslaug Óttarsdóttir

Fundaritari: Helga Halldórsdóttir

Dagskrá aðalfundar:

a) Skýrsla stjórnar. Hrafnhildur Hreinsdóttir fer yfir skýrslu stjórnar. Haldnir voru 12 stjórnarfundir á árinu og hefur aðaláherslan verið á fræðslu félagsmanna. Sjö morgunkorn voru á starfsárinu, fjögur námskeið og ein ráðstefna. Auk þess sem farið var í fjórar bókasafnsheimsóknir en venjan hefur verið sú að halda jólagleði og aðalfund í bóksafnshúsnæði og tengja þá viðburði við heimsóknirnar. Almennur félagsfundur var haldinn á vegum ímyndarhóps Upplýsingar og mættu um 40 manns á þann fund. Óskar Guðjónsson varamaður í stjórn Upplýsingar kom inn í stjórnina þegar Erna Olsen sagði sig úr stjórn síðastliðið haust. Félagar í Upplýsingu eru 425 einstaklingar og stofnanir.

b) Skýrslur hópa og nefnda. Skýrslur hópa og nefnda er að finna í ársskýrslunni en enginn talsmaður nefnda var á fundinum til að fara yfir skýrslurnar – skýrslurnar eru í ársskýrslunni.

c) Reikningar félagsins. Sigrún Guðnadóttir gjaldkeri fór yfir reikninga ársins.

d) Fjárhags- og framkvæmdaáætlun næsta starfsárs. Sigrún fór yfir fjárhags- og framkvæmdaáætlun næsta árs.

e) Árgjald. Sigrún leggur til við fundinn að hækka félagsgjöldin úr 6000 kr. í 7000 kr. fyrir einstaklinga, nema í bókasafns- og upplýsingafræði úr 3000 kr. í 3500 kr. og stofnanir 12000 kr. í 14000 kr. Samþykkt á fundinum með meirihluta atkvæða.

f) Lagabreytingar. Engar lagabreytingar í ár

g) Kosning stjórnar og varamanna, sbr. 5 gr. Hrafnhildur Hreinsdóttir, Helga Halldórsdóttir og Óskar Guðjónsson gefa ekki kost á sér áfram í stjórn. Uppstillingarnefnd stingur uppá Andreu Ævarsdóttur, Innanríkisráðuneyti, Söru Stef. Hildardóttur, Listaháskóla Íslands og Sigríði Júlíu Sighvatsdóttur, 365 miðlum, í stjórn. Fundur samþykkir. Fyrir í stjórn eru Margrét Sigurgeirsdóttir og Sigrún Guðnadóttir, báðar hjá Bókasafni Kópavogs.

Varamenn verða áfram Óskar Guðjónsson og Þóra Sigurbjörnsdóttir bæði hjá Borgarbókasafni. Margrét Sigurgeirsdóttir verður nýr formaður Upplýsingar.

h) Kosning skoðunarmanna reikninga. Anna Kristín Stefánsdóttir, Háskólanum í Reykjavík, Arnfríður Jónasdóttir, Borgarbókasafni og Sigrún Sveinsdóttir, Listaháskóla Íslands gefa allar kost á sér áfram.

i) Kosning í fastanefndir til tveggja ára í senn.

Fulltrúar í nefndum næsta starfsár:

Fagnefnd. Fagnefndina skipuðu á síðasta starfsári: Ragnhildur Blöndal, upplýsingasetri Tækniskólans - skóla atvinnulífsins, Sara Stef. Hildardóttir, bókasafns- og upplýsingaþjónustu HR og Kristín Arnþórsdóttir, meistaranemi. Þær Sara og Ragnhildur ganga nú úr nefndinni. Kristín gefur áfram kost á sér.

Fagnefnd Upplýsingar 2012-2013

Kristín Arnþórsdóttir, meistaranemi, Hafdís Dögg Hafsteinsdóttir, Háskólanum í Reykjavík og Anna Sigurðardóttir, Hraunvallaskóla.

Fræðslu- og skemmtinefnd. Nefndina skipuðu á síðasta starfsári: Erna Björg Smáradóttir, skjalasafni Bankasýslu ríkisins, Herdís Þórisdóttir, Borgarbókasafni og Pia Viinikka, bókasafni Norræna hússins. Engin þeirra gefur kost á sér áfram.

Fræðslunefnd Upplýsingar 2012-2013

Ingibjörg Ösp Júlíusdóttir Borgarbókasafni - Foldasafn, Ragna B Kristjánsdóttir HR og Ágústa Lúðvíksdóttir Norræna húsinu.

Útgáfunefnd. Einar Ólafsson, Borgarbókasafni var formaður nefndarinnar en auk hans voru þær Hallfríður Hr. Kristjánsdóttir, LBS – Háskólabókasafni, Kristín Ingunnardóttir, Áslaug Óttarsdóttir, Anna María Sverrisdóttir og Kristína Benediktz, allar frá bókasafni Menntavísindasviðs HÍ og svo Brynhildur Jónsdóttir. Einar, Áslaug og Kristína gefa ekki kost á sér áfram.

Útgáfunefnd Upplýsingar 2012-2013

Anna María Sverrisdóttir, bókasafn Menntavísindasviðs HÍ, Brynhildur Jónsdóttir, Kristín Ingunnardóttir, bókasafn Menntavísindasviðs HÍ, Hrönn Hafþórsdóttir, Bókasafni Hafnarfjarðar, Linda Rós Arnardóttir, Bókasafni Hafnarfjarðar og Ólína Rákel Þorvaldsdóttir.

Uppstillingarnefnd. Ásdís Hafstað, bókasafni Menntaskólans við Hamrahlíð, Linda Wright, RÚV og Ragna Guðmundsdóttir bókasafni Kópavogs – sömu aðilar og frá fyrra starfsári

j) Önnur mál.

1. Heiðursfélagar. Hrafnhildur Hreinsdóttir fráfarandi formaður Upplýsingar tilkynnir að Anna Torfadóttir, borgarbókavörður og Arndís S. Árnadóttir, hönnunarsagnfræðingur hljóti heiðursverðlaun Upplýsingar árið 2012. Anna og Arndís ávarpa fundinn og þakka fyrir sig.

2. Guðjón Jensson hefur óskað eftir að fá orðið og stingur uppá því að Upplýsing taki þátt í ráðstefnu um Eirík Magnússon (f. 1833). Eiríkur Magnússon var bókavörður í Cambridge en árið 2013 verða hundrað ár frá dauða hans.
3. Fráfarandi stjórn Upplýsingar kveður og ný stjórn boðin velkomin til starfa

Fundi slitið kl.17:30